

9. október 2023

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – söfnunarstöð Egilsstöðum

Umsókn um starfsleyfi vegna söfnunarstöðvar á Tjarnarási 11, 700 Egilsstöðum barst þann 28. júlí 2023. Umsækjandi var Íslenska gámafélagið kt. 470596-2289.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 8. september í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 6. október 2023.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 9. október 2023 með gildistíma í 12 ár.

Í auglýstri tillögu að starfsleyfi var vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs en reglugerð var fellt brott 25. júlí sl. Í útgefnu starfsleyfi er vísað í reglugerð 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Engar aðrar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst,



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi